



Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/556
komudagur 9.12.2003

Reykjavík 8. desember 2003
SP/hó


Efni: Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál

Tilv: 2003110025

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 17. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint þingmál.

Bændasamtök Íslands styðja það, að vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum verði friðlýst, þó með þeim fyrirvara, að heimilaðar verði aðgerðir til að verjast landbroti og flóðum eins og nauðsynlegt kann að verða til að verja náttúruperlur á borð við Herðubreiðarlindir og land í byggð í Öxarfirði.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurgeir Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 130/408

komudagur 2.12.2003

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 28. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Hún telur mikilvægt að fram fari skoðun á kostum þess og göllum að friðlýsa vatnasvið Jökulsár á Fjöllum. Stjórnin tekur á þessu stigi enga afstöðu til umfangs friðlýsingarinnar.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv. stjóri



Alþingi
Erindi nr. P 130/427
komudagur 2.12.2003

Hólaskóla, 1. des. 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál.

Sérstæð íslensk náttúra er eitt stærsta aðráttarafl erlendra ferðamanna og mikilvæg auðlind sem íslensk ferðaþjónusta byggir á. Miklu skiptir að standa vörð um þessa auðlind með nýtingu á skipulagðan hátt þannig að náttúran bíði ekki skaða af landnýtingu. Vanhugsaðar aðgerðir, sem og aðgerðaleyfi geta leitt til þess að forsendur fyrir ferðaþjónustu á grundvelli sérstæðrar náttúru, bresti. Friðlýsing Jökulsár og alls hennar vatnasvæðis ásamt vandlega unninni stefnumótun um uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu er mikilvæg forsenda sjálfbærrar þróunar ferðaþjónustu á svæðinu.

Uppbygging svæðisins við Jökulsá á Fjöllum er jafnframt mikilvægt fyrir ferðaþjónustu í landinu í heild. Það er mikilvægur liður í sjálfbærri nýtingu náttúruþerla í þágu ferðaþjónustu að ferðamenn dreifist sem mest um landið, þannig að álag á einstaka staði verði lágmarkað. Friðlýsing Jökulsár ásamt frekari uppbyggingu í Þjóðgarðinum skapar sterkt aðráttarafl fyrir ferðafólk á Norðausturlandi og er mikilvæg viðbót í áfangastöðum við Mývatnssvæðið, sem er einn þekktasti áfangastaður erlendra ferðamanna á Íslandi.


Friðlýsing vekur athygli á náttúruþerlunni og gildi hennar, bæði innanlands og utan. Það eykur á gildi friðlýsingarinnar að hún nær til alls vatnasvæðisins því þannig er borin virðing fyrir heildarsamhengi og ferlum náttúrunnar. Með friðlýsingu er hægt að hafa áhrif á umgengni og aðgengi að svæðinu með framtíðarhagsmuni í huga, en friðlýsing þýðir ekki að almenningi sé bannaður aðgangur að viðkomandi svæði. Jafnframt er friðlýsingin skuldbinding um verndun náttúrunnar og að þannig sé um hnútana búið að ekki hljóti tjón af umferð fólks um svæðið. Þannig þjónar friðlýsing langtímahagsmunum ferðaþjónustunnar.

Virðingarfyllt

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Deildarstjóri Ferðamáladeildar Hólaskóla

Alþingi
Erindi nr. P 130/404
komudagur 2.12.2003



LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Vefang: www.landvernd.is

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Eva Margrét Ævarsdóttir
150 Reykjavík

1. desember 2003

Efni: Þingsályktunartillaga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum – 19. mál.

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 17. nóvember 2003.

Stjórn Landverndar tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni og þeirri greinargerð sem henni fylgir.

Að mati stjórnar Landverndar leikur ekki vafi á því að á vatnasvið Jökulsár á Fjöllum er vegna náttúrufars, landslags og jarðminja afar verðmætt svæði. Kárahnjúkavirkjun mun umbreyta vatnafari í Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal og náttúrufari á aðliggjandi svæðum og þar af leiðir að verndargildi Jökulsár á Fjöllum og aðliggjandi svæða mun vaxa. Þetta kemur m.a. fram í nýlegri skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunar.

Á aðalfundi Landverndar s.l. vor var samþykkt ályktun þar sem lýst var yfir fullum stuðningi við áformaðan Vatnajökulþjóðgarð. Jafnframt var því lýst yfir að ekki væri fullnægjandi að miða Vatnajökulþjóðgarð við jökulhettuna eina ásamt núverandi Skaftafellspjóðgarði. Svo hugmyndin um Vatnajökulþjóðgarð nái tilgangi sínum verður að huga að aðliggjandi svæðum, sem jökullinn og eldarnir sem undir honum brenna hafa mótað og líta má á sem jaðarsvæði hans. Í því sambandi beinist athyglin ekki hvaða síst að Jökulsá á Fjöllum. Friðlýsingu vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum má líta á sem mikilvægt skref í þá átt að ná markmiðum um Vatnajökulþjóðgarð. Stjórn Landverndar hvetur því Alþingi til að samþykkja þessa þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
Tryggvi Felixson 
framkvæmdastjóri Landverndar

Alþingi
Erindi nr. P 130/407
komudagur 2.12.2003

Umhverfisnefnd Alþingis
 Eva Margrét Ævarsdóttir
 Alþingi v/Austurvöll
 150 REYKJAVÍK


Reykjavík 25. nóvember 2003
 2003110021/016-1
 SB/hj


Tillag til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis frá 17. nóvember 2003, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er beðin um umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum (19. mál).

Náttúrufræðistofnun Íslands er sammála því að stefna beri að því að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum og vatnasvið hennar. Því til stuðnings má nefna eftirfarandi:

- Jökulsá á Fjöllum fær næst hæstu vísitölu umhverfisáhrifa, eða 11,85, af þeim 35 nýju virkjunarkostum sem fjallað er um í nýbirtri skýrslu um niðurstöður rammaáætlunar (Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Nóvember 2003). Aðeins Markarfljótsvirkjun b fær hærri vísitölu, eða 11,88.
- Í skýrslu sem Náttúrufræðistofnun Íslands vann að beiðni umhverfisráðuneytisins fyrir nefnd um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls (Snorri Baldursson, Helgi Torfason og Hörður Kristinsson. 2003. Náttúrufar og verndargildi náttúru fyrirbæra norðan Vatnajökuls - Yfirlit. NÍ-03002), er m.a. fjallað um landsvæðið sem Jökulsá á Fjöllum rennur um. Þar er þessu landsvæði gefin há verndareinkunn, einkum með tilliti til landslags og jarðminja. Aðliggjandi hálandissvæði vestan árinna – sum hver friðuð nú þegar – fá einnig háa verndareinkunn.
- Með friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, ásamt fyrirhuguðum Vatnajökulþjóðgarði og stækkun Skaftafellsþjóðgarðs til suðurs (sbr. Náttúruverndaráætlun), næðist að friðlýsa afar merkar náttúruminjar innan samfellds landsvæðis sem teygði sig þvert yfir landið frá suðurströnd til norðurstrandar.
- Jökulár eru m.a. einkennandi fyrir náttúru Íslands. Með friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum næðist verndun a.m.k. einnar stórar landsins, ásamt vatnasviði, frá upptökum til ósa.

Virðingarfyllst,

 Jón Gunnar Ottósson
 forstjóri







NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 130/405
komudagur 2.12. 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Neskaupstað 1. desember 2003

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Að mati Náttúrustofu Austurlands er enginn vafi á að Jökulsá á Fjöllum ásamt öllu hennar stórbrotna umhverfi er einstök náttúrugersemi. Náttúrustofa Austurlands telur að friðlýsing Jökulsár á Fjöllum sé mikilvægt náttúruverndarmál og tekur undir allar röksemdir varðandi einstakt gildi árið, sem fram koma í greinargerð með þingsályktunartillögunni.

Náttúrustofan tekur einnig undir það að mikilvægt er að haft verði í huga við undirbúning friðlýsingar hvernig tengja á friðlýsingu árið Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og öðrum fyrirhuguðum friðlýsingu á svæðinu.

Virðingarfyllt

Guðrún Á. Jónsdóttir



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

SOUTH ICELAND INSTITUTE OF NATURAL
HISTORY

Alþingi
Erindi nr. P 130/313
komudagur 26.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vestmannaeyjar, 24. nóvember 2003.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, þingskjal 19, 19. mál.

Náttúrustofa Suðurlands tekur heilshugar undir ofangreinda þingsályktunartillögu og þau sjónarmið sem fram koma í greinagerðinni.

Við þetta má bæta að hér gefst einstakt tækifæri til að friðlýsa stórt svæði sem samstæða heild og uppfylla um leið eitt af markmiðum laga um náttúruvernd (lög 44/1999). Með því aðfriðlýsa sem heild allt vatnsvið Jökulsár á Fjöllum má viðhalda hinum fjölmörgu og fjölbreytilegu virku ferlum sem þar eru að verki og tryggja að náttúran innan vatnasviðsins fái að þróast eftir eigin lögmálum.

Virðingarfyllt

Ingvar A. Sigurðsson

forstöðumaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/430
komudagur 3.12.2003

Til nefndarsviðs Alþingis
Alþingi 150 Reykjavík

Hvanneyri 1.12.2003

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Vesturlands

um 19. mál 130 löggjafarþings 2003-2004

Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum

Náttúruverndarsamtök Vesturlands telja að ofnagreinda
þingsályktunartillögu tímabæra og taka undir greinargerðina sem henni
fylgir í öllum aðalatriðum.

Samtökin styðja því fram komna þingsályktunartillögu.

F.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Vesturlands



Björn Þorsteinsson form.



Alþingi - Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. janúar 2004
Tilvísun: 2004010026
Bréfalykill: 50.13

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum

Lögð hefur verið fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál. Tillagan er til umfjöllunar í umhverfisnefnd, sem hefur sent málið til umsagnar hjá fjölda samtaka og stofnana svo sem fjórðungssambönd og Hundaræktarfélaginu, en þó ekki Orkustofnun. Engu að síður þykir stofnuninni sér það skylt að tjá sig um þingsályktunartillöguna, þar sem tillagan fjallar um það vatnsfall landsins sem talið er búa yfir mestum orkuvinnslumöguleikum.

Orkustofnun þykir rétt og skylt að vekja athygli nefndarinnar á þessum hagsmunum og um leið hvort og hvernig verndun og nýting kunni að geta farið saman. Meðfylgjandi er greinargerð dr. Hákonar Aðalsteinssonar, yfirverkefnisstjóra, þar sem helstu upplýsingar um þetta efni eru raktar.

Vekja má sérstaklega athygli á eftirfarandi:


- Stjórnvöld hafa ekki uppi ráðgerðir um virkjun árinna. Engu að síður hefur Orkustofnun talið það skyldu sína um áratuga skeið að huga að möguleikum virkjunar í ljósi þekkingar og viðhorfa á hverjum tíma. Þannig hafa hugmyndirnar verið margvíslegar og tekið sifelldum breytingum. Ekki hvað síst hefur verið leitast við að finna lausnir sem gætu komið til móts við eðlileg verndunarsjónarmið. Einkum hefur verið horft til þess að mannvirki tengist með engu móti sjálfum Dettifossi og um leið að tryggt sé visst lágmarksrennsli um fossinn.
- Jökulsá á Fjöllum hefur verið til umfjöllunar í Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar kemur bæði fram hve gríðarlegir orkukostir eru fólgir í vatnsfallinu en líka hve mikil umhverfisáhrif talin eru vera af virkjun hennar.
- Alkunna er að jökulvötn eiga í sífelldri baráttu við umhverfi sitt, rennsli þeirra og farvegur tekur breytingum sem sumar hverjar verða ekki fyrir séðar. Þannig er t.d. álitid að aurburður Jökulsár á Fjöllum sé meginorsök þess að erfitt getur reynst að halda ánni í skefjum innan náttúrulegra farvega án áberandi fyrirhleðslna. Ein leið til að hemja ána að þessu leyti er að grófari hluti aurfamburðar verði felldur út í miðlunarlóni. Þetta er dæmi um hvernig verndun og hagnýt beislun árinna geta farið saman.

Eins og að framan segir er er sífellt verið að leita leiða til að samrýma nýtingu og verndun, í þessu tilviki hvað varðar Jöklsá á Fjöllum. Ekki er talið að enn sé fullreynt í þeim efnun að finna viðunandi lausn; lausn sem t.d. tryggir hæfilegt rennsli um Dettifoss. Jafnframt eru engin áform uppi um virkjun árinna. Áður en til slíkra áforma kæmi ætti eftir að fara fram mikil umræða og formleg ákvörðunartaka þ.a. í reynd er áin friðuð eins og sakir standa. Það má spyrja hvort það sé tímabært að festa þá friðun formlega í sessi meðan enn er verið að

rannsaka og kanna málin og leita lausna. Við fulla friðun árinna verður auðvitað að vega og meta aðra hagsmuni. T.d. má nefna það að svo vill til að orkuþörf til að framleiða vetni sem nægja myndi til að knýja allan bíla- og fiskiskipaflota landsmanna (og er þá miðað við að orkumiðlunin verði með efnarafölum) er sú sama og fengist við þá tilhögun á virkjun Jökulsár á Fjöllum sem fjallað er um í Rammaáætluninni.

Formleg friðun árinna merkir væntanlega að eftir það verður ekki frekar kannað hvort og þá hvaða lausnir kynnu að geta samræmt hóflega nýtingu og viðunandi verndun. Því má spyrja hvort doka megi við með slíka formlega friðun en í þess stað marka stefnu um markmið rannsókna á vatnasviðinu, stefnu þar sem t.d. komi fram sá vilji að öll nýting árinna verði að taka mið af miklu verndargildi hennar og umhverfis hennar.

Virðingarfyllt


Þorkell Helgason
orkumálastjóri

Fylgiskjöl:

Nýting Jökulsár á Fjöllum, greinargerð Hákonar Aðalasteinssonar, HA-14. jan. 2004

Nýting Jökulsár á Fjöllum

Jökulsá á Fjöllum er ein af 10 ám á landinu sem skila meira en 100 m³/s um ós sinn til sjávar. Hún er önnur stærsta lindá landsins á eftir Hvítá í Árnassýslu, með álíka lindarennisli upp við Dettifoss eins og Sogið við Þingvallavatn. Ofan á lindarennislið bætist leysingavatn og jökulbráð. Meðalrennsli Jökulsár á Fjöllum ofan Arnardals er álíka og í Jökulsá á Dal við Brú á Jökuldal, um 115 m³/s. Hins vegar er meðalhárrennsli í Jökulsá á Dal um 40-falt meðallágreennsli, en 4-falt fyrir Jökulsá á Fjöllum. Þetta bendir til mjög ákjósanlegra náttúrulegra eiginleika til virkjunar, enda hafa umtalsverðar rannsóknir verið gerðar af því tilefni. Til þess að gera langa sögu stutta, þá hafa þessar rannsóknir annars vegar miðast við að virkja ána niður í Öxarfjörð og hins vegar virkjun með veitu austur í Lagarfljót.

Miðað við að fullnýta fallið í ánni í farveginum voru í fyrra tilfellinu tvær megin leiðir skoðaðar; a) virkjun í þrepum, eða b) að mestu í einu lagi með veitu út Hólsfjöll og virkjun niður á láglandi í Öxarfirði. Í báðum tilvikum eru áhrif á rennsli í Dettifossi, en þar fyrir utan myndi mikið rask í þjóðgarðinum fylgja fyrri leiðinni. Þessar hugmyndir voru fyrst og fremst til skoðunar á 7. og 8. áratug seinustu aldar. Eftir nánari rannsóknir og miðað við reynslu af sprunguhreyfingum í kjölfar umbrota við Kröflu á 8. áratug seinustu aldar var endanlega fallið frá hugmyndum um virkjun ofan í Öxarfjörð.

Þá var eftir sú leið að virkja með veitu austur í Lagarfljót. Þar hafa verið skoðaðar nokkrar leiðir og á endanum valið úr tveimur. Meginmunur á þeim leiðum er fólgin í vali á miðlunarlonstæði. Í annari er miðlun dreift á þrjú lón; í Fagradal við Kreppu, í Álftadal og við Þríhyrningsvatn. Í hinni er vatni veitt til miðlunar í Arnardal. Að öðru leyti er tilhögun að mestu eins í báðum tilvikum, með virkjun í tveimur þrepum, því fyrra við Brú á Jökuldal og því síðara frá litlu inntakslóni við ármót Hölknaar með virkjun við hlið stöðvarhúss Kárahnjúkavirkjunar. Við mat á þessum mismunandi leiðum^{1,2} var sú síðari talin heppilegri og voru helstu rökín þau, að með henni væri farið svo langt frá jökli sem auðið var og flest mannvirki færð út úr Krepputungu. Auk þess var talið að gróðurlendi í Fagradal hefðu meira verndargildi en gróðurlendi í Arnardal. Við undirbúning rammaáætlunar fóru fram viðamiklar vistfræðirannsóknir í Arnardal, en samsvarandi rannsóknir hafa ekki verið gerðar í Fagradal. Sjálfsagt verða þær gerðar áður en ákvörðun verður tekin um miðlunarstæði, ef slík virkjun yrði gerð.

Í tengslum við ofangreindar áætlanir hefur Orkustofnun stundað viðamiklar rannsóknir á svæðinu.

1. Landmælingar og kortagerð á 7. og 8. áratug aldarinnar.
2. Vatnamælingar.
3. Aurburðarmælingar; rannsóknir á svifaur og skriðaur.
4. Jarðfræðirannsóknir.
5. Grunnvatnsrannsóknir.
6. Almennar náttúrufarsrannsóknir.
7. Vistgerðarannsóknir.
8. Farvegarannsóknir.
9. Rannsóknir á strandsjó.

¹ Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana á stórvirkjun á Austurlandi (Austurlandsvirkjun). Samstarfsnefnd Iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál. Febrúar 1993.

² Virkjanir norðan Vatnajökuls. Upplýsingar til undirbúnings stefnumótun. Iðnaðarráðuneytið. Ágúst 1994.

hefur áin verið að brjóta land og mun sækja yfir í Skjálftavatn og Litlá þar sem land seig í umbrotum á 8. áratug seinustu aldar⁴.

Orkustofnun og Landsvirkjun hafa í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun safnað upplýsingum um áhrif af ferskvatnsrennsli til Skjálfandafljóts og Öxarfjarðar⁵. Útreikningar á ferskvatni í yfirborðssjó og stöðugleikastuðlar eru í góðu samræmi við mælingar á ferskvatnsrennsli til sjávar, og gefa fyrirheit um að þegar og ef til kemur muni vera nokkuð auðvelt að gera sér grein fyrir a.m.k. almennum áhrifum af minnkandi rennsli ferskvatns til sjávar. Jafnframt var næringarefnaástand strandsjávar kannað sem og útbreiðsla fisklirfa.

Ef ætlunin er að friða Jökulsá á Fjöllum verða menn að gera það upp við sig að hve miklu leyti friðunin varðar ána sjálfa eða landið sem hún leikur um. Ef áin verður friðuð, þ.e. látin afskiptalaus mun hún, áður en langt um líður, fara yfir hið gróna flatlendi meðfram Lindá og neðar mun hún leggja undir sig vesturhlutann af aurkeilunni í Öxarfirði, þ.e. vestan Bakkahlaups. Hún mun halda áfram að kvarna úr fossbera Dettifoss svo sem hún hefur gert svo um munar á seinustu öld. Ef þetta er ekki talið vera ásættanlegt þarf að setja upp áætlun um að stjórna ánni, þ.e. hvar hún rennur, og þegar það er byrjað er áin ekki lengur frjáls, og vandséð hvaða tilgangi friðun þjónar.

Spurningin er þá orðin sú hvort hægt sé að finna ásættanlega lausn á stýringu árinna þar sem hluta hennar yrði veitt út af vatnasviðinu. eru þeir hagsmunir sem eru fólgnir í hagkvæmri virkjun árinna svo lítilfjörlegir, jafnvel í augum þeirra sem hungrar í haldbæra orkuvinnslu, að ekki sé til nein málamiðlun. Ef áin yrði virkjuð með miðlun væri hægt að stýra aursöfnun í lóninu m.t.t. aðgerða til að hefta landbrot neðar við ána.

Helsta tæknilega vandamálið við að virkja án miðlunar eru fólgin í því að losna við aurinn úr veitu virkjunarinnar, þ.e. að fleyta honum áfram niður ána, eða að koma hluta hans fyrir. Með veitunni yrði dregið nokkuð úr því rennsli sem flytur aurinn áfram og framhjá flatlendinu hjá Herðubreiðalindum, og því þarf að gefa sérstakan gaum að aurburði og flutningsgetu árinna. Að mati Orkustofnunar er enn nokkuð í land +aður en við höfum öðlast nauðsynlega þekkingu á ánni og skilning á því sem mótar hana.

⁴ Guðmundur Ómar Friðleifsson, Oddur Sigurðsson, Skúli Víkingsson og Helgi Jóhannesson 2001. Ágangur Jökulsár á Fjöllum. Nákvæm hæðarkort af söndunum. Unnið fyrir Iðnaðarráðuneytið. Orkustofnun, OS-2001/067.

⁵ Jón Ólafsson, Magnús Danielsson, Sólveig R. Ólafsdóttir og Jóhannes Briem 2002. Ferskvatnsáhrif í sjó við Norðausturland að vorlagi. Hafrannsóknarstofnun, Fjölrít nr. 86.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/429
komudagur 3.12. 2003
Samband dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ
Fjölnisvegi 16, 101 Reykjavík. Sími - Fax 5523044
Vefur www.dyravernd.is - Netfang dyravernd@dyravernd.is

Reykjavík 1. desember 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræði 8-10
150 Reykjavík.

Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga Steingríms J. Sigfússonar og Kolbrúnar Halldórsdóttur um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Í tillögunni segir að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrulegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði i Jökulsár gljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndar svæða norðan jökla. Í greinargerðinni kemur fram að tillaga þessi er endurflutt óbreytt frá síðasta þingi.

Enda þótt umræður um verndargildi óspilltrar náttúru séu löngu velþekktar í ýmsum nálægum löndum eru Íslendingar loks nú að vakna til vitundar um hvílík náttúrurauðævi hin óspillta náttúra Íslands er. Víða hefur náttúrunni verið raskað í þágu nauðsynlegra samgangna og annarra mannvirkja en virkjanir, uppistöðulón, vatnsmiðlun og vatnaflutningar eru hins vegar þær framkvæmdir, sem á seinni áratugum eru algengustu ástæður þess að náttúrulegum rennslisháttum fallvatna hefur verið raskað. Ef svo heldur fram, sem horfir verða nokkur af stærstu jökulvötnum landsins virkjuð og náttúrulegum rennslisháttum þeirra gjörbreytt innan fárra ára. Eins og að framan segir hafa margar af þessum framkvæmdum verið nauðsynlegar vegna búsetu í landinu en hisvegar hafa auknar virkjanaf framkvæmdir til framleiðslu á ódýrri íslenski raforku til handa útlendum stórfyrirtækjum farið hraðvaxandi og allt of geyst undanfarin ár. Má þar fyrst nefna yfirstandandi Kárahnjúkavirkjun, þar sem gífurlegum náttúrugersemum verður raskað um aldur og ævi, til að framleiða raforku fyrir erlenda stóriðju í að minnsta kosti næsta aldarfjórðunginn eða meira.

Jökulsá á Fjöllum og Dettifoss ásamt Jökulsárgljúfrum og hið stórkostlega umhverfi árinna allt frá upptökum við Dyngjujökul og Brúarjökuls til sjávar í Öxarfirði eru náttúrugersemi. Dettifoss er talinn með völdugustu fossum í Evrópu og Hafragilsfoss, Selfoss og Jökulsárgljúfrin ásamt Ásbyrgi eru vafalaust með fegurstu náttúruperlum landsins og þótt víðar væri leitað. Og umhverfið með Trölladyngju, Dyngjufjöllum, Herðubreið og Ódáðahrauni skapa stórbrotna umgjörð í vestri. Undan vesturjaðri Brúarjökuls koma svo Kverká og Kreppa og sameinast Jöklu norðan Krepputungu eftir að hafa runnið á leið sinni til móðurelfunnar um land, sem ekki er síður stórbrotið.

Vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum tengir saman og gerir að einni heild eitt hvert stórkostlegasta náttúruyrirbæri jarðarinnar og þar er m.a. að finna móbergsmýndanir


frá ísaldartímum, sem eiga engan sinn líka í veröldinni. Þar eru ummerki gríðarlegra hamfarahlaupa, gróðurvinjar, úfin hraun, eyðimerkur og fjölskrúðugt dýralíf og vatnafar. Ljóst er að þessi einstæðu verðmæti, sem fólgin eru í Jökulsá á Fjöllum og umhverfi hennar, óröskuðum af manna völdum eru fullgild rök fyrir alfriðun og verða best varðveitt, sem hluti af núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og frekari verndarsvæðum norðan jökla.

Samband dýraverndunarfélaga Íslands er eðli málsins samkvæmt mjög hlynnt því að varðveita óspillta náttúru landsins, jafnt mönnum sem dýrum til hagsbóta og telur að nú sé kominn tími til að þjóðin staldri ögn við og fari sér hægar í vikjanamálunum, enda er ókannað hvern fjárhagslegan ávinnig má hafa af hinni óspilltu náttúru landsins. Sambandið styður því eindregið framangreinda þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Virðinarfyllst,

f.h. stjórnar Sambands dýraverndunarfélaga Íslands,

Sigríður Ásgeirsdóttir lögfræðingur form. SDÍ.



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**

FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Alþingi
Erindi nr. P 130/366
komudagur 28.11.2003

Suðurnesjum 25. nóvember 2003.

*Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.*

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 20. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 17. nóv. 2003 þar sem óskað var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson, framkv.stj.

Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 130/580
komudagur 10.12.2003



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. desember 2003

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. 19. mál


Samtök ferðapjónustunnar hafa fengið ofangreinda tillögu til umsagnar og lýsa sig í meginatriðum samþykkt þeirri grunnhugsun sem fram kemur í tillögunni að því gefnu að aðgengi ferðamanna sé tryggt með því skipulagi sem upp er sett.

Samtökin vilja benda á að megin þorri ferðamanna sem kemur til landsins er kominn til að njóta einstakrar náttúru landsins og því þarf að fara mjög varlega í allar framkvæmdir á þeim svæðum sem eru í hvað mestum metum bæði hjá landsmönnum sjálfum og gestum okkar.

Það svæði sem hér um ræðir hefur að geyma marga staði sem eru ferðapjónustunni afar mikilvægir og ljóst að full ástæða er til að vernda. Nokkur svæði eru nú þegar vernduð á mismunandi stigum án þess að fullt samræmi sé í þeim aðgerðum. Æskilegt er frá sjónarhóli ferðapjónustunnar að sem stærst svæði verði tekið undir og skapað heildstætt skipulag á svæðinu með tengingu við núverandi þjóðgarð í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði þannig að hægt verði að vinna að stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla sem samfelldrar heildar en ekki stakstæðra búta.

Samtökin vilja ítreka skoðanir sínar um að fullt samráð verði haft við rekstraraðila í ferðapjónustu þegar kemur að útfærslu friðlýsingarinnar þannig að tryggt verði að ekki verði settar þær strangar kröfur að ókleyft verði að reka arðbæra ferðapjónustu á svæðinu og friðlýsing verði til að takmarka aðgengi ferðamanna.

Virðingarfyllt
F.h Samtaka ferðapjónustunnar


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/173
komudagur 19.11.2003



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. nóvember 2003

Efni: Tillaga til þingsályktunar um Friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál.

Samtök iðnaðarins leggjast gegn samþykkt ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Ástæðan er sú að á vegum ríkisstjórnarinnar er unnið að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið hennar er að meta og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafl og háhita, með tilliti til orkugetu, hagkvæmni, áhrifa á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, svo og hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

Skammt mun vera að bíða niðurstaðna þessa starfs sem á að verða grundvöllur þess að unnt sé að taka máleflega afstöðu til hugsanlegra virkjanakosta í landinu út frá heildstæðu mati.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/249
komudagur 21.11.2003

SUNN Samtök um
náttúruvernd
á Norðurlandi

20. nóvember 2003

Umsögn um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum (þingsályktunartillaga, 130. löggjafarþing, 19. mál)

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, SUNN, lýsa yfir stuðningi við efni tillögunnar og vísa til þess að samtökin hafa ályktað um stofnun þjóðgarðs frá Öxarfirði til Ingólfshöfða. Hluti Jökulsár er nú friðlýstur sem Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum. Mikilvægt er að stækka þann þjóðgarð til norðurs og til suðurs og einnig austur yfir ána.

Vernðargildi landslags Jökulsárs er vel þekkt en í tillögunni er sérstaklega tekið fram að vernda beri vatnasvið Jökulsár. SUNN lýsa yfir sérstökum stuðningi við þann hluta tillögunnar. SUNN telja að samþykkt þessarar tillögu hafi ekki neikvæð áhrif á þá náttúruverndaráætlun sem nú er unnið að og fjallað var á sl. umhverfisþingi heldur muni samþykkt hennar styrkja þá áætlun. Undirbúningur friðlýsingar er langt ferli og því mikilvægt að vilji Alþingis komi skýrt í ljós.

Stjórn SUNN í nóvember 2003


S. h. SUNN

Lýna Á. Jón

formaður

< hjallholl @ isl. is >

Alþingi
Erindi nr. P 130/403
komudagur 2.12.2003



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

• (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

1. desember 2003

Tilvísun: UST20031100097/mh

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis, dags. 17. nóvember 2003, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál á 130. löggjafarþingi.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrulegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing árinna skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði svo og stofnun annarra verndarsvæða norðan jökla.

Umhverfisstofnun styður framkomna þingsályktunartillögu og að mati stofnunarinnar segir greinargerðin með henni flest sem segja þarf um þetta mikilvæga mál. Þar kemur fram að Jökulsá á Fjöllum er næstlengsta á landsins (yfir 200 km) og með stærsta vatnasviðið, um 8.000 km². Bent er á að náttúrulegum rennslisháttum hafi verið raskað í mörgum af stærstu jökulvötnum landsins, t.d. vegna virkjana, uppistöðulóna, vatnsmiðlunar og vatnaflutninga og að innan fárra ára muni Jökulsá á Fjöllum verða ein af fáum stórum og ósnortnum jökulám á Íslandi. Verndargildi árinna og rennslishátta hennar sé því mikið. Einnig er fjallað um þá tengingu sem Jökulsá á Fjöllum myndar þegar hún gerir að einni heild víðáttumikið landsvæði sem nær frá rótum Vatnajökuls til sjávar í Öxarfirði. Þar er land mótað af samspili elds og ísa og þar sem landmótun og jarðfræði einkennist af mikilli eldvirkni og móbergsmýndunum frá ísaldartímum. Jafnframt eru ummerki gríðarlegra hamfarahlaupa, gróðurvinjar, úfin hraun og eyðimerkur, dýralíf og vatnafar. Allt þetta gerir svæðið að einu stórkostlegasta náttúruþyrirbæri veraldar.

Umhverfisstofnun bendir á að á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum eru nú þegar nokkur friðlýst svæði sem ná yfir allstóran hluta vatnasviðsins. Það eru Mývatns-Laxársvæðið sem verndað er með lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, friðland í Hvannalindum, náttúruvættið Askja, friðland í Herðubreiðarlindum, náttúruvættið Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum. Í skýrslu Umhverfisstofnunar,

Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar (UST-2003/14), er fjallað um þrjú svæði á þessum slóðum sem ástæða er til að friðlýsa. Það eru svæðin Kverkfjöll-Krepputunga-Laugarvalladalur, austurhluti Jökulsárgljúfra (stækkun þjóðgarðs) og Öxarfjörður. Í náttúruverndaráætlun umhverfisráðherra sem kynnt var á umhverfisþingi í október síðastliðnum er lagt til að á næstu fimm árum verði unnið að friðlýsingu tveggja þessara svæða, þ.e. að stækka þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum og friðlýsa láglendi við Öxarfjörð. Einnig er lögð áhersla á stofnun Vatnajökulþjóðgarðs og friðun svæða tengdum honum. Í náttúruverndaráætlun er ekki lögð sérstök áhersla á vatnafar að þessu sinni heldur er spjótum beint að svæðum sem mikilvæg eru fyrir tiltekna tegundir fugla og plantna, birkiskóga og sérstæðar jarðmyndanir. Ef áhersla hefði hins vegar verið lögð á vatnafar hefði verið full ástæða til að fjalla um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.


Þess ber að geta að í niðurstöðum faghóps I í 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma telst Jökulsá á Fjöllum afar verðmæt hvað varðar náttúruafar og menningarminjar. Þar veða landslag og víðerni mest en aðrir þættir sem skoðaðir voru, þ.e. jarðminjar og vatnafar, menningarminjar, tegundir lífvera og vistgerðir og jarðvegur fá einnig háar einkunnir. Af þeim 35 virkjunarkostum sem skoðaðir voru myndi virkjun Jökulsár á Fjöllum hafa mest áhrif á náttúru og minjar. Verkefnisstjórn rammaáætlunar flokkaði virkjunarhugmyndir eftir niðurstöðum allra faghópa, þ.e. eftir vísitölu umhverfisáhrifa, vísitölu heildarhagnaðar og vísitölu arðsemi. Þar kemur fram að Jökulsá á Fjöllum verður helst jafnað við Kárahnjúkavirkjun um heildarhagnað, arðsemi og umhverfisáhrif. Jafnframt er bent á að rannsókn svæðisins sé mikilvæg vegna tillagna um stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og hugsanlegrar tengingar við Vatnajökulþjóðgarð.

Á Alþingi hafa áður verið fluttar tillögur um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum og fagnar Umhverfisstofnun þeirri tillögu sem nú hefur verið lögð fram. Að mati stofnunarinnar er rétt og eðlilegt að líta á vatnasvæði árinna sem eina heild og full ástæða er til að friðlýsa það. Þannig er hægt að tryggja að hið mikla jökulfljót fái áfram að renna með sínum náttúrulegu rennslisháttum og að hið stórbrotna og víðáttumikla landsvæði sem áin rennur um fái áfram að þróast eftir eigin lögmálum. Það eru ómetanleg náttúruauðæfi fyrir komandi kynslóðir.

Virðingarfyllst,



Davíð Egilson
forstjóri



Guðríður Þorvarðardóttir
forstöðumaður náttúruverndar-
og útivistarsviðs

Alþingi
Erindi nr. P 130/365
komudagur 28. 11. 2003



Nefndasvið Alþingis
Eva Margrét Ævarsdóttir
Austurstræti 8 - 10
101 Reykjavík


Reykjavík 28. nóvember 2003
2003050055/10.21
HrH/BH
17.11.2003

Umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Í tillögunni segir m.a.: „Friðlýsing taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrulegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð“.

Vegagerðin er nú með í frumhönnun nýja brú á Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði, og einnig veg um svæðið vestan ár frá Hringvegi að Kelduhverfi. Allt er þetta innan svæðisins þar sem banna skal alla mannvirkjagerð samkvæmt tillögunni. Vegagerðin telur að alls ekki eigi að samþykkja þessa tillögu með þessum ákvæðum.

Virðingarfyllst,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.